



Sent öllum alþingismönnum

Afrit til fjölmiðla

Glerárkirkju, mánudaginn 23. maí 2011

Aðalsafnaðarfundur Lögmannshliðarsóknar haldinn í Glerárkirkju sunnudaginn 22. maí 2011 harmar þann róttæka og ósanngjarna niðurskurð á sóknargjöldum sem orðið hefur á hinum síðustu árum. Fundurinn varar við því að frekari niðurskurður muni koma alvarlega niður á þjónustu við alla þá aldurs- og þjóðfélagshópa sem til kirkjunnar leita og þiggja þjónustu hennar.

Minnt er á að sóknargjöld eru félagsgjöld í eðli sínu sem renna jafnt til safnaða þjóðkirkjunnar sem og annarra skráðra trúfélaga og standa undir grunnþjónustu þeirra og mynda þar með mikilvægan þátt í velferðaruppbyggingu samfélagsins.

Fundurinn hvetur háttvirt alþingi til þess að sporna við því að til frekari niðurskurðar komi.

Nánari upplýsingar gefa:

Sr. Gunnlaugur Garðarsson, sóknarprestur, 864 8455
Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir, prestur, 864 8456
Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni, 864 8451
Gunnar Gíslason, formaður sóknarnefndar, 462 4564
Björn Ingimarsson, gjaldkeri sóknarnefndar, 462 6324
Svanhildur Bragadóttir, ritari sóknarnefndar, 462 7525

Til útskýringar á málavöxtum eru hjálögð fjögur fylgiskjöl:

1. [Stutt samantekt og útskýring.](#)
2. [Afgreiðsla Kirkjuþings 2010 vegna fjármála kirkjunnar.](#)
3. [Grein eftir biskup Íslands, hr. Karl Sigurbjörnsson af vef þjóðkirkjunnar um tekjustofn safnaðanna.](#)
4. [Ræða innanríkisráðherra, hr. Ögmundar Jónassonar við setningu prestastefnu nýverið,](#)
sjá sérstaklega feitletrun.